

2. Fyrir endurteknar aðgerðir eða rannsóknir á sama sjúklingi komi hálf guld, nema annað sé sérstaklega tilgreint.
3. Nú eru tvær eða fleiri aðgreindar aðgerðir gerðar á sama grip og kemur þá fullt guld fyrir eina aðgerðina (þá, sem hæst er metin), en hálf guld fyrir hinar.
4. Nú þykir héraðsdýralækni eða heilbrigðisstjórn vegna smithættu ástæða til þess að rannsaka fleiri gripi á sama heimili eða í nágrenni þess og gera varúðarráðstafanir til að hindra útbreiðslu næmra sjúkdóma. Í slíkum tilvikum skal héraðsdýralæknir taka greiðslu fyrir störf sín af opinberu fé, samkvæmt ákvæðum þessarar gjaldskrár.
5. Ef dýralæknir þarf að annast heilbrigðisskoðun á kjöti, ber sláturhúsi því, er hann annast kjötskoðun fyrir, að sjá honum fyrir fæði og greiðum farkosti eða greiða dýralækninum fyrir farkost, ef hann leggur hann til sjálfur. Sláturhús skal sjá dýralækni fyrir hæfilegri aðstoð við merkingu kjötsins, ef þess er óskað.
6. Dýralækni ber ókeypiss flutningur á ferðum hans, svo greiðum og svo beina leið frá heimili hans, sem unnt er. Ef dýralæknir leggur sér til farkost sjálfur, ber þeim aðila eða aðilum, er hann ferðast fyrir, að endurgreiða honum þann kostnað, þ.m.t. akstur á eigin bifreið, enda haldi þeir akstursdagbók skv. reglum ferðakostnaðarnefndar. Á ferðum ber dýralækni að fá ókeypiss fæði og gistingu eða greiðslu fyrir það, svo og annan útlagðan kostnað, t.d. símakostnað.
7. Þegar dýralæknir ferðast í þágu hins opinbera, ber honum að fá greiddan fæðis- og ferðakostnað, samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar, skv. akstursbók sbr. 6. tl.
8. Vitjunum, er berast fyrir kl. 14.00 virka daga, skal sinnt í dagvinnu. Á aðrar vitjanir skal reiknað 60% álag, enda sé ekki gerlegt að sinna þeim innan reglulegra dagvinnumarka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 77 1. október 1981 um dýralækna og öðlast gildi 1. febrúar 1988. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 112 12. júlí 1966 með síðari breytingum.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. janúar 1988.

Jón Helgason.

Jóhann Guðmundsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Skv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að biðskylda verði á Flókagötu, Úthlíð og Skaftahlíð gagnvart Stakkahlíð,
2. að stöðvunarskylda verði á Bólstaðarhlíð gagnvart Stakkahlíð,
3. að aðalbrautarréttur verði á götunum Straumi og Streng að því undanskyldu, að umferð um Straum víki fyrir umferð um Streng og umferð um Streng víki fyrir umferð um Höfðabakka.

Ákvörðun þessi tekur gildi 17. febrúar 1988.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 14. janúar 1988.

Böðvar Bragason.